

Dagskrá og tillögur fyrir aðalfund Brims



Aðalfundur Brims hf. verður haldinn fimmtudaginn 20. mars 2025
í matsal félagsins að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík klukkan 16:30.
Fundurinn fer fram á íslensku.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina síðastliðið ár.
2. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til staðfestingar.
3. Tillaga stjórnar um greiðslu arðs.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning endurskoðenda.
8. Tillaga stjórnar um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd
9. Tillaga um að stjórn fái heimild til kaupa á eigin bréfum.
10. Önnur mál, löglega upp borin.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 16:00

TILLÖGUR TIL AÐALFUNDAR

TILLAGA UM GREIÐSLU ARÐS

Samkvæmt stefnu félagsins sem kynnt var í skráningarlýsingu félagsins árið 2014 leggur stjórn félagsins til að arðgreiðsla á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024 verði kr. 1,5 kr. á hlut í arð til hluthafa, eða 2.888 millj. kr. (um 20,1 millj. evra á lokagengi ársins 2024) eða 2,03% af markaðsvirði hlutafjár í lok árs 2024.

Arðurinn verði greiddur 30. apríl 2025. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 20. mars 2025 og arðleysisdagur því 21. mars 2025. Arðsréttindadagur er 24. mars 2024. Arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá félagsins í lok arðsréttindadags.

Hluthöfum mun standa til boða að fá arðgreiðslu í evrum, sem mun byggja á ISK/EUR miðgengi Seðlabanka Íslands eins og það er tilgreint við lok dags, síðasta dag fyrir arðgreiðslu, eða 29. apríl 2025. Hluthafar sem hyggjast óska eftir arðgreiðslu í evrum skulu tilkynna félaginu það fyrir lok dags 15. apríl 2025 á þar til gert eyðublað, sem er aðgengilegt hér. www.brim.is/fjarfestar/adalfundur

TILLAGA FÉLAGSSTJÓRNAR UM STARFSKJARASTEFNU

„Stjórn félagsins leggur til óbreytta starfskjarastefnu“.

TILLAGA UM ÞÓKNUN TIL STJÓRNARMANNA

„Stjórn félagsins leggur til að þóknun næsta árs til stjórnarmanna verði 383.000 kr. á mánuði, varaformaður fái einn og hálfan hlut og formaður tvöfaldan hlut.“

KOSNING ENDURSKOÐANDA

Stjórn félagsins leggur til að Deloitte ehf. verði kjörið endurskoðandi félagsins.

TILLAGA UM UTANAÐKOMANDI NEFNDARMANN Í ENDURSKOÐUNARNEFND

Stjórn félagsins leggur til að Gunnar Þór Ásgeirsson, löggiltur endurskoðandi, verði tilnefndur sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd félagsins.

TILLAGA UM AÐ STJÓRN FÁI HEIMILD TIL KAUPA Á EIGIN HLUTUM

„Aðalfundur veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að samanlögð kaup fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi má eigi vera hærra en í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboð í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem hærra er. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin bréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“